



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 16. maí 2014

Niðurstaða athugunar á lánveitingum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda til einstaklinga

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á lánveitingum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda til einstaklinga. Athugunin var framkvæmd á fyrsta ársfjórðungi 2014.

Athugunin byggði á gögnum vegna 18 lánveitinga til 13 einstaklinga og fyrirspurna í tengslum við þau gögn. Niðurstaða athugunarinnar er byggð á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athugunin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins eru fyrrgreindar lánveitingar lífeyrissjóðsins í samræmi við gildandi lög, fjárfestingarheimildir og lánareglur lífeyrissjóðsins.